

Reykjavík 20. október 2017

Umsögn

vegna tillögu í menningar- og ferðamálaráði um Reykjavík Loves.

Undirrituð vill byrja á því að þakka þann áhuga sem sýndur er á vörumerkinu Reykjavík Loves. Vörumerkið var upphaflega kynnt til sögunnar árið 2014 og í framhaldinu ákváðu Reykjavík og nágrannasveitarfélögin að stilla saman strengi sína í markaðssetningu gagnvart erlendum ferðamönnum og fjárfestum undir þessu sameiginlega kynningarátaki.

Höfuðborgarstofa hefur, fyrir hönd Reykjavíkurborgar, leitt markaðssetninguna í nánu samstarfi við sveitarfélögin: Kópavog, Garðabæ, Hafnarfjörð, Seltjarnarnes og Mosfellsbæ. Eitt helsta markmiðið er, samkvæmt samningi, að vinna að aukinni dreifingu ferðamanna um höfuðborgarsvæðið og leggja sveitarfélögin til árlegt fjárframlag til verkefnisins. Þar fyrir utan kemur framlag frá Ferðamálastofu.

Á umliðnum árum hefur Reykjavík Loves verið í stöðugri markaðssókn þar sem það hefur stutt vel við Reykjavík sem ferðamannaborg. Án efa hefur markaðssetningin einnig átt þátt í því að auka sölu á gestakortum Reykjavíkur, fjölga gestakomum á menningarstofnanir borgarinnar og gestakomum í sundlaugar, en þessi atriði eru meðal annarra tiltekin í upptalningu á upphaflegum markmiðum vörumerkisins.

Hjá Höfuðborgarstofu hafa ýmsir starfsmenn í gegnum árin haldið utan um verkefnið en núna er því að mestu sinnt af markaðsstjóra og kynningarstjóra Höfuðborgarstofu. Ekki er talin þörf á því að svo stöddu að fjölga stöðugildum umfram það til að sinna verkefninu en mikilvægt er að vera ávallt vakandi fyrir breyttum áherslum og þörfum og því verður verkefnið og umfang þess endurmetið á næsta ári eða þegar fyrir liggur ný ferðamálastefna og markaðs- og aðgerðaráætlun tengd henni.

Því má bæta við að nú stendur yfir frekari þróun á gestakorti Reykjavíkurborgar en til stendur að það verði rafvætt á næsta ári sem mun kalla á endurmat á markaðssetningu kortsins og þá um leið hvernig hægt verði að nýta Reykjavík Loves vörumerkið enn frekar í því skyni.

Arna Schram,
Sviðsstjóri Menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar